

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1771****2022/EES/34/45****frá 7. október 2021****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er
varðar hreðkublöð (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þær afurðir úr jurta- og dýraríkinu sem hámarksgildi fyrir leifar af varnarefnum, sem fastsettar voru með reglugerð (EB) nr. 396/2005, gilda um, með fyrirvara um ákvæði þeirrar reglugerðar, eru skráðar í I. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/62 (2) var m.a. vörinni „hreðkublöð“ bætt við í B-hluta I. viðauka og hún tengd við vöruna „grænkál“ í A-hluta þess viðauka. Hámarksgildi leifa fyrir grænkál gilda því einnig fyrir hreðkublöð.
- 3) Þar eð engin gögn um prófanir á leifum voru tiltæk til að staðfesta hvort þessi flokkun væri viðeigandi þegar reglugerð (ESB) 2018/62 var samþykkt var umbreytingartímabili komið á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1049 (3). Til að gera aðildarríkjunum kleift að afla slíkra gagna var bætt við neðanmálgrein, sem er tengd vörinni „hreðkublöð“, þar sem þessari vöru var veitt undanþága frá beitingu hámarksgilda leifa fyrir „grænkál“ til 31. desember 2021.
- 4) Þar eð aðildarríki sem afla slíkra gagna upplýstu framkvæmdastjórnina um það nýlega að gagnaöfluninni hafi seinkað ætti því að framlengja viðkomandi umbreytingartímabil um þrjú ár til viðbótar til að gera það kleift að ljúka prófunum og mati á þeim.
- 5) Því ætti að breyta umræddri neðanmálgrein í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað neðanmálgreinar (3) í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

„(3) Hámarksgildi leifa skulu gilda um hreðkublöð frá og með 1. janúar 2025“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 356, 8.10.2021, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/62 frá 17. janúar 2018 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjútíð. ESB L 18, 23.1.2018, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1049 frá 25. júlí 2018 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (Stjútíð. ESB L 189, 26.7.2018, bls. 9).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
